

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. janúar 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-76/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. nóvember 2008 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á bifreiðinni Ö hjá K, sem mun vera hluti af eða sama fyrirtæki og Z. Seljandi bifreiðarinnar var A. Álitsbeiðandi segir sér hafa verið gefnar rangar upplýsingar um mánaðarlega fjárhæð afborgunar af láni sem á bifreiðinni hvíldi og álitsbeiðandi yfirtók sem skuldari. Krefst hann þess að kaupum á bifreiðinni verði rift.

Álitsbeiðandi óskaði eftir áliti kæruneftndarinnar vegna þessara kaupa með álitsbeiðni 1. september 2008 en beindi þá kröfu sinni að bílasölunni. Með áliti frá 31. október s.á. hafnaði kæruneftndin því að álitsbeiðandi ætti kröfu á hendur bílasölunni. Í þessu máli beinist krafa hans gegn seljanda bifreiðarinnar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 17. nóvember 2008, gaf kæruneftndin seljanda bifreiðarinnar, A, kost á andsvörum og bærust þau 8. desember s.á. Með bréfi, dags. 10. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvör gagnaðila og frestur til þess til 18. desember. Engar athugasemdir bærust frá álitsbeiðanda. Með bréfi, dags. 7. janúar sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í beiðni sinni um álit vísar álitsbeiðandi til fyrri álitsbeiðni en kveðst nú beina kröfu sinni um riftun á kaupunum að seljanda vegna rangra upplýsinga um afborgun á verði bifreiðarinnar. Ljóst er að þar á álitsbeiðandi við að ekki hafi verið gefnar réttar upplýsingar um mánaðarlega afborgun af láni sem á bifreiðinni hvíldi og álitsbeiðandi yfirtók við kaupin. Í fyrri álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi séð bifreið auglýsta hjá K. Samkvæmt auglýsingu sem þeirri álitsbeiðni fylgdi var um að ræða jeppa, Ö, árgerð 2001 ekinn 150.000 km. Ásett verð var kr. 2.290.000. Áhvílandi lán var sagt vera kr. 2.000.000, mánaðarleg afborgun kr. 39.000 og að lánveitandi væri SP fjármögnun. Þá fylgdi álitsbeiðninni svokallaður bílasamningur um kaupleigu sem undirritaður er af A og SP fjármögnun hf. 12. september 2007 og kemur þar fram að sammingsverð sé kr. 1.820.320 og mánaðarleg leiga kr. 36.697. Í yfirlýsingu um yfirtöku þessa bílasammings, sem undirritaður er af álitsbeiðanda og SP fjármögnun hf. 29. júlí 2008, kemur fram hver fjárhæð lánsins hafi verið í upphafi og að 28. júlí 2008 nemi það kr. 2.156.901. Ekki er getið um hver mánaðarleg leiga sé en hins vegar kemur fram að 45 gjalddagar séu eftir af upphaflegum fjölda gjalddaga sem voru 55. Samkvæmt kaupsamningi og afsali fyrir

bifreiðinni var kaupverð hennar kr. 2.156.879 sem er sagt að fullu greitt með yfirtöku á samningi hjá SP fjármögnun hf.

Í fyrri álitsbeiðni kveðst álitsbeiðandi hafa spurt að því hvort verð og afborgun af láninu væri það sem auglýst hefði verið og hafi bílasalinn svarað því játandi. Bílasalinn hafi að sinni ósk gengið frá söluskjölum en hann hafi ekki getað undirritað þau fyrr en eftir kl. 18.00 um daginn vegna vinnu sinnar. Ellefu dögum seinna kveðst álitsbeiðandi hafa fengið að vita að fyrsta afborgun sín af láninu væri ekki kr. 39.000 eins og auglýst hefði verið heldur kr. 52.000. Þá hefði hann spurt um það hvort skipt hefði verið um tímareim og því svarað að það hefði verið gert eftir 140.000 km akstur bifreiðarinnar. Samkvæmt þjónustubók hefði verið skipt um tímareim eftir 92.000 km akstur og hafi því verið komið að næstu skiptum á tímareiminni. Álitsbeiðandi segist aldrei myndi hafa keypt bifreiðina hefði hann vitað hver afborgunin var í raun og tímabært væri að skipta um tímareimina.

Í þeirri beiðni sem nú er til afgreiðslu ber álitsbeiðandi ekki fyrir sig að rangar upplýsingar hafi verið gefnar um skipti á tímareim, en í andsvörum bílasölnunnar í fyrra málinu kemur eftirfarandi fram: „Varðandi tímareim þá hafa bæði seljandi og sölumaður viðurkennt að þar gæti hafa orðið einhver misskilningur og hafa boðist til að skipta um tímareim kaupanda að kostnaðarlausu.“

Kærnefndin telur að nú verði að líta svo á að krafa álitsbeiðanda um riftun kaupanna byggist einvörðungu á því að honum hafi verið gefnar rangar upplýsingar um afborgun af því láni sem á bifreiðinni hvíldi.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að hún hafi ekki haft afskipti af sölu bifreiðarinnar eftir að hafa gefið bílasölnunni allar almennar upplýsingar um hana. Álitsbeiðandi hafi haft samband við bílasölnuna í júlímánuði 2008 og spurt að því hvort bifreiðin fengist keypt gegn yfirtöku á því láni sem á henni hvíldi. Bílasalinn hafi eftir samráð við sig sagt að svo væri og jafnframt upplýst álitsbeiðanda um að afborganir af láninu hafi hækkað frá því sem auglýst hafi verið. Þegar álitsbeiðandi hafi komið á bílasölnuna hafi bílasalinn ítrekað að höfuðstóll lánsins hefði hækkað í kr. 2.156.879 og hafi hann hvatt álitsbeiðanda til þess að gefa sér lengri tíma til þess að fara yfir málið. Ekki tæki nema einn dag að nálgast öll gögn, þ.á m. frá SP fjármögnun hf., og þá lægju allar tölulegar upplýsingar fyrir. Það hafi álitsbeiðandi afþakkað og ekki talið sig þurfa þess. Hann hafi viljað undirrita alla pappíra sem fyrst, taka við lykklum að bifreiðinni og hverfa á braut við svo búíð. Þá hafi álitsbeiðandi afþakkað að reynsluaka bifreiðinni. Seljandi segir að álitsbeiðandi hafi með þessu háttalagi sínu lagt fremur veikan grunn að umkvörtun sinni. Upplýsingaskylda seljanda hafi verið virt en álitsbeiðandi ekki sinnt skoðunarskyldu sinni. Álitsbeiðandi hafi ritað athugasemdalaust undir yfirlýsingu um yfirtöku bílalánsins hjá SP fjármögnun hf. þar sem upplýsingar um lánið komi skýrt fram. Þar fari ekki á milli mála að lánið sé myntkórfulán og allar upplýsingar séu gefnar um samsetningu þess. Seljandi kveðst hafna því að hún hafi gert sig seka um að leyndu upplýsingum, rangfæra þær eða afvegaleiða álitsbeiðanda á nokkurn hátt. Hún hafi enda aldrei hitt álitsbeiðanda.

Álitsbeiðanda hafi verið boðið að skipt yrði um tímareim honum að kostnaðarlausu en því hafi hann hafnað og sé þeim þætti málsins því lokið. Samkvæmt

upplýsingum frá bifreiðaverkstæðinu B, hafi ekki verið kominn tími til þess að skipta um tímareimina, en mælt sé með því að það sé gert eftir 90.000 km akstur eða á 72 mánaða fresti. Samkvæmt upplýsingum í fyrri álitsbeiðni hafði bifreiðinni verið ekið 150.000 km þegar álitsbeiðandi keypti hana eins og framan er getið um.

Seljandi segist ekki sjá að hún hafi gerst sek um neina vanrækslu gagnvart álitsbeiðanda og engar forsendur séu fyrir riftun kaupanna samkvæmt lögum nr. 50/2000. Álitsbeiðandi hafi vel mátt vita af þeim upplýsingum sem að hans mati hafi farið fram hjá honum. Auk þeirrar umræðu sem í þjóðfélaginu hafi verið, og á seljandi þá væntanlega við hækkun á svokölluðum myntkórfulánum, hafi bílasalinn ítrekað bent honum á breytta stöðu bílalánsins og gera verði þá kröfu til álitsbeiðanda að hann lesi þau skjöl sem hann undirriti.

Andsvörum seljanda fylgdu andsvör Z í hinu fyrra máli sem framkvæmdastjóri og sölumaður fyrirtækisins undirrita. Í andsvörum bílasöluunnar kemur fram að álitsbeiðanda hafi verið bent á að höfuðstóll lánsins sem á bifreiðinni hvíldi væri hærri en þegar lánið hafi fyrst verið tekið og því gætu forsendur lánsins hafa breyst. Það hafi verið áliðið dags þegar gengið hafi verið frá kaupum á bifreiðinni og því ekki hægt að fá upplýsingar um hver mánaðarleg afborgun af láninu væri.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og A falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Viðskiptin sem eru tilefni beiðni álitsbeiðanda fóru fram á milli hans og eiganda og seljanda bifreiðarinnar, A, fyrir milligöngu Z. Þessi viðskipti falla því undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að kaupunum á bifreiðinni verði rift og þótt hann orði það ekki í álitsbeiðninni fylgir kröfu af því tagi krafa um endurgreiðslu kaupverðs. Kröfuna byggir álitsbeiðandi á því að hann hafi fengið rangar upplýsingar um hve háa fjárhæð þyrfti að greiða mánaðarlega af því láni sem hvíldi á bifreiðinni og hann yfirtók, þ.e. kr. 52.000 í stað kr. 39.000 eins og auglýst var.

Eins og að framan er rakið var auglýst verð á bifreiðinni sem álitsbeiðandi keypti kr. 2.290.000, áhvílandi lán sagt vera kr. 2.000.000 og mánaðarleg afborgun kr. 39.000. Þegar kaupin fóru fram hafði lánið hækkað í kr. 2.156.901 samkvæmt því sem stendur í yfirlýsingu um yfirtöku bílasamnings sem álitsbeiðandi undirritaði 29. júlí 2008 og fékk álitsbeiðandi bifreiðina keypta með því að yfirtaka það lán. Samkvæmt bílasamningnum var upphafleg fjárhæð lánsins kr. 1.820.320 og mánaðarleg afborgun 36.697. Þau skjöl þar sem þessar upplýsingar er að finna fylgdu fyrri beiðni álitsbeiðanda og verður að gera ráð fyrir að hann hafi haft þau undir höndum við kaupin enda undirritar hann skjalið um yfirtöku lánsins. Álitsbeiðanda mátti þannig að vera ljóst að fjárhæð lánsins hafði hækkað og þar með upphafleg mánaðarleg afborgun af láninu. Af upphæð lánsins og fjölda gjalddaga mátti sjá að hver afborgun yrði tæpar kr. 48.000 stæði fjárhæð lánsins óbreytt á lánstímanum og vextir ekki teknir með í reikninginn. Hins vegar verður ekki framhjá því horft að upplýsingar um afborgun af láninu í auglýsingu um bifreiðina voru ekki réttar, a.m.k. ekki á þeim tíma sem bifreiðarkaupin fóru fram.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni stendur að hún seljist í núverandi ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við. Af þessu leiðir að um kaupin eiga við ákvæði 19. gr. laga nr. 50/2000. Í 1. mgr. þeirrar greinar segir m.a. eftirfarandi:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin ...“

Það er álit kærunefndarinnar að misvísandi eða óskýrar upplýsingar um það hver mánaðarleg afborgun af láni því sem hvíldi á bílnum megi telja til galla í skilningi framangreindra lagaákvæða. Fjárhæð lánsins og þar með kaupverð bifreiðarinnar svo og fjöldi gjalddaga var hins vegar réttilega greindur við kaupin og hlýtur það að skipta meira máli fyrir kaupanda bifreiðar en það hvernig afborgunum af láni er háttað þótt vissulega skipti það einnig máli. Álitsbeiðandi mátti búast við breytingum á mánaðarlegum greiðslum af láninu samkvæmt þeim kjörum sem um það giltu og honum átti að vera kunnugt um og bar að standa við. Er það og staðhæft af bílasalanum að álitsbeiðanda hafi verið gerð grein fyrir því við kaupin að forsendur lánsins gætu hafa breyst en álitsbeiðandi heldur því fram að hann hafi fengið staðfest að mánaðarleg greiðsla af láninu væri sú sem tilgreind var í auglýsingu bílasöluunnar. Hvort heldur sem er rétt er það álit kærunefndarinnar, þótt álitsbeiðandi hafi staðið í þeirri meiningu að fyrsta afborgun hans af láninu sem á bifreiðinni hvíldi hafi átt að vera kr. 39.000 en var í raun hærri, sé ekki hægt að líta svo á að um verulegan galla í kaupunum hafi verið að ræða, sbr. ákvæði 1. mgr. 39. og 94. gr. laga nr. 50/2000, og því sé ekki hægt að taka kröfu álitsbeiðanda um riftun til greina.

VI

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, á hendur A er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

